



Markaðsstofa Suðurlands

Ársfundur Markaðsstofu Suðurlands ses haldinn á Hótel Selfossi mánudaginn 11. apríl 2011 kl. 14.20

Á fundinn voru mættir fulltrúar eigenda:

Sædis Íva Elíasdóttir og Steingerður Hreinsdóttir, f.h. Atvinnuþróunarfélags Suðurlands,
Ásbjörn Jónsson og Sigurdís Guðjónsdóttir, f.h. Ferðamálasamtaka Suðurlands,
Fulltrúar Rúntsins um Rangárþing og Ferðamálafélags Austur Skaftafellssýslu boðuðu forföll.

Einnig mætti á fundinn Davíð Samúelsson, framkvæmdastjóri MSS.

Sædis Íva setti fund og bauð fundarmenn velkomna og gengið var til dagskrár.

1. Verkefni MSS árið 2010-2011

Davíð Samúelsson, framkvæmdastjóri lagði fram starfsyfirlit 2010-2011 og sagði frá verkefnum sem unnin hafa verið á starfsárinu. M.a. sagði hann frá heimsóknum til ferðaþjónustuaðila, samskiptum við tengiliði sveitarfélaga og samstarf við fulltrúa klasa og ferðamálafulltrúa. Einnig sagði hann frá Uppskeruhátíð á Hótel Heklu. Davíð sagði frá vinnu við endurbætur á www.south.is og uppfærslur á www.markadsstofa.is.

Mikil orka hefur farið í sýningar, m.a. Íslandsperlur, Reiseliv, Menningarnótt Reykjavík og VestNorden, allt sýningar á árinu 2010. Frá 2011 St. Petursborg, Matka Helsinki, ITB Berlín, TUR Gautaborg og Atvinnulífssýningin Suðurland já takk.

Útgáfa kynningarefnis hefur verið talsverð; Mynddiskur um Suðurland, landshlutabæklingur og útgáfa á borðkorti. Þá tók MSS þátt í Atvinnulífssýningum með stoðkerfinu á Suðurlandi.

13 sveitarfélög á starfssvæði MSS eru með þjónustusamning við MSS, aðeins Rangárþing ytra og Vestmannaeyjabær hafa ekki gengið frá samningi.

Markaðsstofan tekur þátt í samstarfi annarra markaðsstofa á landinu. Hópurinn hittist mánaðarlega.

Davíð sagði frá því hvernig styrkur frá Inspired by Iceland hefur nýst í að bjóða samstarfsaðilum í Evrópu og flugfélögum í FAM ferðir um Suðurland.

Næstu verkefni eru m.a. Fræðandi ferðaþjónusta, greining á frekara samstarfi við Upplýsingamiðstöð Suðurlands, frágangur á fleiri samstarfssamningum, Inspection ferð í lok apríl, Íslandsperlur, móttaka á skandinavískum blaðamönnum, dreifing borðkorts og landshlutabæklinga og undirbúningur að nýjum landshlutabæklingi.

2. Ársreikningur MSS 2010

Ársreikningur 2010 lagður fram. Ársreikningurinn samþykktur samhljóða.

3. Stjórnarkjör

F.h. Atvinnuþróunarfélags Suðurlands eru tilnefnd Gunnar Örn Marteinson og Sædís Íva Elíasdóttir, til vara Steingerður Hreinsdóttir.

F.h. Ferðamálasamtaka Suðurlands eru tilnefnd Ásbjörn Jónsson og Sandra Brá Jóhannsdóttir, til vara Sigurdís Guðjónsdóttir.

F.h. Ríkis Vatnajökuls er tilnefnd Sigrún Kapítóla Guðrúnardóttir, til vara Einar Björn Einarsson.

F.h. Rúntsins um Rangárþing er tilnefnd Anna Björg Stefánsdóttir, til vara Benedikt Guðmundsson.

Sædís Íva bauð nýja stjórnarmenn velkomna í stjórn og þakkaði fráfarandi stjórnarmönnum fyrir samstarfið.

4. Önnur mál

Engin önnur mál borin upp.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 14.55

Sædís Íva Elíasdóttir

Steingerður Hreinsdóttir

Ásbjörn Jónsson

Sigurdís Guðjónsdóttir

Davíð Samúelsson